

Fundur undirnefndar undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa
26. október 2021
(lögreglustöðinni Bjarnarbraut 2, Borgarnesi)

Kl. 15:25 var undirnefnd undirbúningsnefndar, ásamt starfsfólki Alþingis (ÞV og SDJ), saman komin í lögreglustöðinni í Borgarnesi. Undirnefnd undirbúningsnefndar skipa Björn Leví Gunnarsson (BLG), Þórunn Sveinbjarnardóttir (ÞSv) og Svandís Svavarsdóttir (SSv). Þá var einnig mætt Berglind Lilja Þorbergsdóttir (BLÞ), starfsmaður yfirkjörstjórnar NV-kjördæmis.

Kl. 15:30 mætti Ingi Tryggvason formaður yfirkjörstjórnar NV-kjördæmis.

Kl. 15:32 voru innsigli (K00020873 og K00020874) á fangaklefa nr. 3 í kjallara lögreglustöðvarinnar könnuð af hálfu undirnefndarinnar.



Mynd 1: Annað tveggja innsigla við komu.



Mynd 2: Annað tveggja innsigla við komu.

Kl. 15:34 rauf formaður yfirkjörstjórnar innsigli á fangaklefanum og flutti tvo glæra plastkassa, annan með auðum kjörseðlum og auðum utankjörfundarseðlum og hinn með ógildum seðlum, út úr klefanum.




Mynd 3: IT rýfur innsigli við komu.



Mynd 4: IT sækir kassa með auðum og ógildum seðlum.

Kl. 15:37 var fangaklefi innsiglaður að nýju af BLP með einu innsigli (K00007257). Plastkassarnir með seðlunum voru ferjaðir upp á þriðju hæð.




Mynd 5: Innsigli BLP kl. 15:37.


Kl. 15:40 opnaði ÞV kassann með auðum seðlum. Að talningunni komu SSv, ÞSv, BLG, ÞV. BLP færði bókhald yfir talninguna. Auðu seðlarnir voru í búntum með teygju.

Eftir að búið hafði verið talið einu sinni var það talið aftur af öðrum og síðan fært til bókar af BLP. SDJ ritaði fundargerð.


Fyrst voru taldir seðlar úr kassanum með auðum seðlum og reyndust þeir vera 382. (Samtala bunka var 50+22+10+50+50+50+50+50+50). Í einum af bunkunum sem innihéldu 50 atkvæði fannst einn seðill þar sem efsta nafn á B-lista hafði verið yfirstrikað án þess að merkt hafi verið X í feringinn fyrir framan listabókstafinn B. Voru auðir seðlar því skráðir vera 381 í talningarbókhalda BLP auk fyrrnefnds seðils.



Mynd 6: Bókhald BLP yfir talninguna. Til vinstri ógildir seðlar og til hægri auðir.



Myndir 7 og 8: Atkvæðaseðillinn sem fannst í kassanum með auðum seðlum.



Kl. 15:51 var kassinn með ógildum seðlum opnaður og ógildir seðlar, annars vegar utankjörfundarseðlar og hins vegar kjörfundarseðlar, taldir. Kjörfundarseðlarnir voru í tveimur búntum. Í öðru þeirra voru 12 kjörfundarseðlar með merkingum eingöngu á bakhlið seðilsins. Hinir 6 kjörfundarseðlarnir voru með merkingar innan á seðlunum og á bakhlið þeirra. Sömu aðilar stóðu að talningunni. BLP færði bókhalð. Alls voru taldir 35 ógildir seðlar, þar af 17 utankjörfundarseðlar.

Kl. 15:59 rauf formaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis innsigli (K00007257) og voru kassarnir ferjaðir inn í fangageymsluna.



Myndir 9 og 10: Innsigli rofið og kassar ferjaðir í fangaklefa að nýju.

Kl. 16:00 var fangaklefinn innsiglaður að nýju af formanni og starfsmanni yfirkjörstjórnar (K00007258 og K00007259).



Myndir 11 og 12: Innsigli IT kl. 16:00.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 16:00.